

Guðmundur B. Ingvarsson

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulagsstofnun.is>
Sent: 21. apríl 2015 15:42
To: Guðmundur B. Ingvarsson
Subject: Urðunarstaður Fljótsdalshéraðs að Tjarnarlandi -

Vísað er til fyrirspurnar Umhverfisstofnunar dags. 16. apríl sl. þar sem stofnunin spyrst fyrir um við lagningu lokahandar á starfsleyfistillögu fyrir urðunarstað Fljótsdalshéraðs að Tjarnarlandi hvort Skipulagsstofnun álíti breytingu tilkynningaskylda sem felst í að geyma svokölluð stöðug, óvirk spilliefni á urðunarstaðnum. Framkvæmdin hafi farið í mat á umhverfisáhrifum á sínum tíma og hafi ekki verið gert ráð fyrir urðum spilliefna á staðnum. Fram kemur í fyrirspurninni að þessi stöðugu, óvirku spilliefni séu þess eðlis að urðun þeirra eigi ekki að fylgja meiri mengun en urðun heimilisúrgangs. Þetta sé hugtak sem fjallað sé um í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og þar er opnað á að urðunarstaðir fyrir almennan úrgang geti einnig fengið heimild til að urða spilliefni sem flokkist undir að teljist stöðug og óvirk. Í reglugerðinni sé sett mörk fyrir útskolun úr spilliefnum sem geti fallið þarna undir og tekið fram að útskolunin eigi að vera með svipuðum hætti og úr heimilis- og rekstrarúrgangi. Dæmi um spilliefni sem falli undir þetta sé asbestúrgangur.

Jafnvel þótt urðun þessara spilliefna eigi ekki að fylgja meiri mengun en urðun heimilisúrgangs þá vill Umhverfisstofnun bera málið undir Skipulagsstofnun þar sem í MÁU hafi ekki verið gert ráð fyrir urðun spilliefna á staðnum og í kaflanum um lýsingu framkvæmdar í matskýrslu komi skýrt fram að óheimilt verði að urða spilliefni.

Í erindi Umhverfisstofnunar er jafnframt vakin athygli á að skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 eru ákvæði um lágmarksfjarlægð urðunarstaða frá dvalarstöðum fólks. Þessi fjarlægð er 500 m. Nú er það svo að urðunarstaðurinn að Tjarnarlandi er nær íbúðarhúsum að bænum en sem nemur 500 m, eða í u.þ.b. 100-150 m fjarlægð. Ekki er að sjá að um þetta atriði hafi verið fjallað í MÁU. Reglugerð um urðun úrgangs gefur Umhverfisstofnun heimild til að víkja frá þessum mörkum að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Umhverfisstofnun hefur fengið jákvæða umsögn heilbrigðisnefndar Austurlands hvað þetta atriði varðar og hyggst víkja frá fjarlægðarmörkunum á grundvelli þess. Þar sem þetta atriði kom ekki nógu skýrt fram í þeirri starfsleyfistillögu sem Skipulagsstofnun fékk til umsagnar á sínum tíma þá viljum við vekja athygli á þessu og gefa Skipulagsstofnun færi á að gera athugasemdir.

Skv. mati á umhverfisáhrifum urðunar að Tjarnarlandi, sem álit Skipulagsstofnunar sitt þann 14. febrúar 2013, var ekki gert ráð fyrir urðun spilliefna en þar hefur að öllum líkindum verið átt við spilliefni sem hafa mun meiri mengunarhættu í för með sé en óvirku efnin en urðun þeirra á ekki að fylgja meiri mengun en urðun heimilisúrgangs. Skipulagsstofnun telur að í ljósi þess sem að ofan er rakið varðandi áform um að urða stöðug og óvirk spilliefni að Tjarnarlandi og með hliðsjón af lítilli mengunarhættu þeirra sem er sambærileg við almennt sorp og með tilliti til þess að ekki á að auka það sorpmagn sem gert var ráð fyrir í matinu á sínum tíma séu ekki líkur á að urðun óvirkra, stöðugra spilliefna muni hafa meiri mengunarhættu í för með sér en gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum eða önnur neikvæðari umhverfisáhrif umfram þau sem lagt var mat á og fjallað um í matinu og endurspeglast í álit Skipulagsstofnunar.

Hvað varðar það atriði að urðunarstaðurinn að Tjarnarlandi er nær íbúðarhúsum að bænum en sem nemur fjarlægðarmörkum skv. reglugerð þá gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við það atriði enda kemur fram í gögnum Umhverfisstofnunar að reglugerð um urðun úrgangs gefi stofnunni heimild til að víkja frá þessum mörkum að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar sem gefið hafi jákvæða umsögn hvað þetta atriði varðar.

Jakob Gunnarsson
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun / National Planning Agency
Laugavegur 166, 105 Reykjavík, Ísland / Iceland
sími / tel: (+354) 595 4100
jakob@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun